

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 77/2000**

**frá 2. október 2000**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2000 frá 25. febrúar 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/77/EB frá 26. júlí 1999 um sjöttu aðlögun að tækniframförum á I. viðauka tilskipunar ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinnar skaðlegra efna og efnablandna (asbest)<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2161/1999 frá 12. október 1999 um frekari prófunarkröfur sem innflytjendum eða framleiðendum tiltekins forgangsefnis ber að uppfylla eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 1999/721/EB frá 12. október 1999 um árangur af áhættumati og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna efna: 2-(2-bútoxýetoxý)etanól; 2-(2-metoxýetoxý)etanól; klóruð alkön (C10-13) og alkýlfleiður bensens (C10-13)<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 207, 6.8.1999, bls. 18.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 265, 13.10.1999, bls. 11.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 292, 13.11.1999, bls. 42.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **399 L 0077:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/77/EB frá 26. júlí 1999 (Stjtið. EB L 207, 6.8.1999, bls. 18).“

### 2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 12h (reglugerð ráðsins (EB) nr. 142/97) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„12i. **399 R 2161:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2161/1999 frá 12. október 1999 um frekari prófunarkröfur sem innflytjendum eða framleiðendum tiltekins forgangsefnis ber að uppfylla eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 um mat og effirlit með áhættu skráðra efna (Stjtið. EB L 265, 13.10.1999, bls. 11).“

### 3. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 18. lið (orðsending framkvæmdastjórnarinnar C/130/93/bls. 2) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„19. **399 X 0721:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 1999/721/EB frá 12. október 1999 um árangur af áhættumati og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna efna: 2-(2-bútoxýetoxý)etanól; 2-(2-metoxýetoxý)etanól; klóruð alkön (C10-13) og alkýlfleiður bensens (C10-13) (Stjtið. EB L 292, 13.11.1999, bls. 42).“

### 4. gr.

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/77/EB, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2161/1999 og orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar 1999/721/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

### 5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

---

(\* ) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. október 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*G. S. Gunnarsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*